

Sp. 45. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um kosningu manna til að semja um endurskoðun varnarsamningsins.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Björn Ólafsson, Friðjón Þórðarson, Gunnar Thoroddsen, Ingólfur Jónsson, Jóhann Hafstein, Jóhann Jósefsson, Jón Kjartansson, Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Kjartan J. Jóhannsson, Magnús Jónsson, Ólafur Björnsson, Ólafur Thors, Pétur Ottesen, Ragnhildur Helgadóttir, Sigurður Ágústsson, Sigurður Bjarnason, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að kjósa með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi fimm menn til þess undir forustu utanríkisráðherra að semja af Íslands hálfu um endurskoðun á varnarsamningnum við Bandaríkin.

Greinargerð.

Þegar varnarsamningurinn var gerður 1951, voru til þeirrar samningsgerðar kvaddir fulltrúar allra lýðræðisflokka, einnig Alþýðuflokksins, sem þá var í stjórnarandstöðu. Sá háttur, sem þá var á hafður, leiddi til meiri einingar lýðræðismanna um þessi mál en fyrr og síðar hefur náðst.

Enn hefur eigi heyrzt, hverjum eigi að fela samningana um endurskoðun varnarsamningsins að þessu sinni, en allir játa, að þeir geta orðið afdrifaríkir.

Sjálfstæðismenn eru nú í stjórnarandstöðu, eins og Alþýðuflokkurinn var 1951. Ekki virðist geta horft til góðs að útiloka nú stærsta flokk þjóðarinnar, sem hefur yfir 42% af kjörfylgi, frá því að taka þátt í samningsgerðinni. Ef svo yrði, mundi mjög brugðið frá því, sem var 1951 og núverandi utanríkisráðherra, Guðmundur Í. Guðmundsson, átti verulegan hlut að.

Samningsgerðin hlýtur auðvitað að verða undir forustu utanríkisráðherra, en mjög mundi það styrkja aðstöðu hans, ef hann nyti samvinnu sterkasta lýðræðisafslsins með þjóðinni.

Tillaga þessi er flutt í því skyni að bjóða fram þá samvinnu af hálfu Sjálfstæðisflokksins.